

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um sumarstörf fyrir 13-17 ára

Borgarstjórn samþykkir að fela Vinnuskólanum, sem er í yfirstandandi og fyrirhuguðum breytingum, að taka að sér að skapa og skipuleggja sumarstörf fyrir 13-17 ára. Útfærsla þess liggi fyrir sem fyrst svo unnt sé að auglýsa störfin fyrir sumarið 2024.

Greinargerð

Löng hefð er fyrir sumarvinnu ungmenna á Íslandi. Sumarleyfi í íslenskum skólum er lengra en gerist og gengur í nágrannalöndunum en jafnframt er atvinnureynsla unglunga lengri en almennt er raunin þegar kemur að lokum skólagöngu. Nokkuð víðtæk þjóðfélagsleg sátt hefur ríkt um þessa skipan mála.

Breytingar á vinnumarkaði hafa talsvert riðlað þessari stöðu á síðustu árum. Ungmennni á aldrinum 16-17 ára, sem teljast of gömul til að falla undir Vinnuskóla Reykjavíkur en hafa þó ekki náð sjálfræðisaldri, 18 ára, eiga í vaxandi mæli erfitt með að fá sumarstörf á almennum markaði, m.a. vegna tryggingamála.

Fjöldi foreldra hefur lýst áhyggjum sínum vegna atvinnuleysis barna sinna á þessum aldri. Ljóst er að um er að ræða aldurshóp í viðkvæmri stöðu þar sem lítið má út af bregða til að einstaklingarnir dragist ekki niður í fen vanvirkni með tilheyrandi vandamálum. Ýmis önnur áhættuhegðun getur líka færst í aukana við slíkar aðstæður.

Auk þess að vera mikilvægt forvarnar- og lýðheilsumál er atvinna 16-17 ára ungmenna stórt mál þegar kemur að fegrun og rekstri borgarinnar. Umræddur aldurshópur er prýðilega til þess fallinn að sinna hvers kyns hreinsunar- og viðhaldsverkefnum, auk þess að geta hlaupið undir bagga í mikilvægum störfum á vegum borgarinnar eins og í leikskólum og sumarfrístund.

Vinnuskóli Reykjavíkur hefur nú boðað endurskipulagningu á starfsemi sinni og ætlar að innleiða nokkrar breytingar á komandi starfstímabilum. Það býr til tækifæri að huga heildstætt að sumarstörfum fyrir ungt fólk og skapa fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir ungt fólk á aldrinum 16-17 ára. Í fyrirhugaðri vinnu má líta til nágrannasveitarfélaga sem mörg hver geta státað sig af því að hafa hugsað vel um atvinnutækifæri ungs fólks á þessum aldri í sínu sveitarfélagi.